

Berist til:



FRÉTTABRÉF

24. árg. 1. tbl.

JANÚAR 2009

Boðað er til aðalfundar félagsins þann 4. febrúar 2009 kl: 15:00 að Borgartúni 6, í fundarsalnum Ásbrú á 3 hæð.

Fundarstjóri: Þórólfur Antonsson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar, Páll Halldórsson, formaður.
2. Skýrslur nefnda, orlofshúsanefnd.
3. Reikningar FÍN og Kjaradeilusjóðs, Ólafur Eggertsson, gjaldkeri.
4. Tillögur um breytingu á reglugerð orlofshúsa FÍN.
5. Kosning í stjórn og nefndir, Páll Halldórsson, formaður.
6. Inntaka nýrra félaga, Heiðrún Guðmundsdóttir, ritari.
7. Önnur mál.

Efni fréttabréfsins:

- Fundarboð á aðalfund FÍN, tillaga að stjórn og nefndum o.fl.
- Ástand á vinnumarkaði — Aðkoma BHM og FÍN
- Staða kjarasamninga
- Sjúkrasjóður og styrktarsjóður BHM—Breyttar reglur
- Orlofshús
- Hvatning til félagsmanna

Fréttabréf FÍN

Skrifstofa FÍN er í
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og 13:00-
16:00

Sími: 568-9616
Fax: 568-9619
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,
formaður

Marianna H. Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Rósa M. Sigtryggsdóttir,
skjala- og upplýsinga-
fulltrúi

Útgefandi:
FÍN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
1330 eintök

Prentun:
Umslag

Staða kjarasamninga

Í lok síðasta árs náðust kjarasamningar við Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg

Samkomulag varð um framlengingu á samningi okkar við Reykjavíkurborg og fól hann í sér hækkun á launatölum í launatöflu um kr. 20.300,-.

Desemberuppbót var hækkuð í kr. 50.000,- og orlofsuppbót 2009 fór í kr. 25.200,-.

Veikindadögum barna var fjölgað í 12 úr 10.

Samið var um að Reykjavíkurborg yrði aðili að endurhæfingarsjóði.

Samningurinn tók gildi þann 1. nóvember 2008 og gildir til loka ágúst 2009 og er aðgengilegur í á heimasíðu félagsins.

Launanevnd sveitarfélaga

Eftir langt samningaferli hefur félagið náð kjarasamningi við Launanevnd sveitarfélaga.

Samningurinn tók gildi frá og með 1. desember 2008 og gildir til loka ágúst 2009.

Samningurinn er samhljóða öðrum launanevndarsamningum við aðildarfélög BHM, fyrir utan það að sér röðunarkafli er til viðbótar vegna sértækra starfa náttúrufræðinga sem starfa hjá heilbrigðiseftirliti, náttúrufræðistofu eða sambærilegum stofnunum.

Hækkun var á launatölum í launatöflu um 20.300,- kr. Desemberuppbót varð 72.365,- kr. og orlofsuppbót 2009 verður kr. 25.200,-.

Réttur vegna veikinda barna var aukinn í 12 daga.

Starfsmenn sveitarfélaga verða aðilar að endurhæfingarsjóði.

Til lögur að stjórn og nefndum FÍ N 2008-2009

Stjórn

Tilnefning til 2 ára:

Varaformaður FÍN:

Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Fulltrúi trúnaðarmanna:

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Meðstjórn:

Guðmundur Jóhannesson, Búnaðarsambandi Suðurlands

Póroddur Fr. Póroddsson, Skipulagsstofnun

Heiðrún Guðmundsdóttir, Umhverfisstofnun

Vala Friðriksdóttir, Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum

Þorsteinn Narfason, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis

Ólafur Eggertsson, Skógrækt ríkisins

Stefanía Bjarnason, Landspítala - Ónæmisfræðideild

Anna K. Daníelsdóttir, Matís

Sitja frá fyrra ári:

Formaður FÍN

Páll Halldórsson, Félagi íslenskra náttúrufræðinga

Formaður ráðgjafarnefndar:

Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Meðstjórn:

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sigurður Garðar Kristinsson, ÍSOR

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Guðmundur Víðir Helgason, Líffræðistofnun HÍ

Rannveig Guicharnaud, Landbúnaðarháskóla Íslands

Agnes Eydal, Hafrannsóknarstofnuninni

Barði Þorkelsson, Veðurstofu Íslands

Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofnun Kópavogs

———— *Stjórn Kjaradeil usjóðs* ————

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn

Formaður FÍN

Kristjana Bjarnadóttir, Landspítala - Blóðbanka

Puríður Pétursdóttir, Matvælastofnun

Varamaður:

Ritari FÍN

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Gjaldkeri FÍN

Guðmundur Guðjónsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, *formaður*

Varamaður:

Varaformaður FÍN

———— *Skoðunarmenn reikninga* ————

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmaður:

Friðþjófur Árnason, Veiðimálastofnun

Varamaður:

Járngerður Grétarsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Einar Torfason, Landspítala - Veirudeild

Varamaður:

Björn Harðarson, Landspítala - Blóðbanka

Siðanefnd

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi
Jóna Freysdóttir, Landspítala

Varamaður:

Ólafur Karvel Pálsson, Hafrannsóknarstofnuninni

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg
Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtökum Íslands, *formaður*
Steinunn Jakobsdóttir, Veðurstofu Íslands

Orl of shúsanefnd

Tilnefning til 1 árs:

Sigurbjörg Gísladóttir, Umhverfisstofnun/Norrænu ráðherranefndinni
Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Matvælastofnun

Tilnefning til 2 ára:

Einar Jónsson, Hafrannsóknarstofnuninni
Finnur Ingimarsson, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Fulltrúi stjórnar: Tekið fyrir á fyrsta stjórnarfundum FÍN

Ful l trúi í Húsfél agi BHM

Borgartún 6

Aðalmaður:

Framkvæmdastjóri FÍN

Varamaður:

Gjaldkeri FÍN

Til lögur að breytingum á regl ugerð fyrir orl ofshús FÍ N og orl ofshúsanefnd

Yfirskrift reglnanna var:

Reglugerð fyrir orlofshús FÍ N og orlofshúsanefnd

Yfirskrift reglnanna verður:

Reglugerð um orlofshús FÍ N

Grein 1 var:

Orlofshús, varnarþing og markmið. Félag íslenskra náttúrufræðinga á og tekur á leigu orlofshús. Orlofshús í eigu FÍ N eru rekin sem hluti þess og eiga því sama varnarþing og félagið. Félagið tekur á leigu orlofshús skv. ákvörðun félagsstjórnar. Orlofshúsum FÍ N er ætlað að veita félagsmönnum orlofsaðstöðu svo og vera at-
hvarf til einbeitingarvinnu.

Grein 1 verður:

Orlofshús, varnarþing og markmið. Félag íslenskra náttúrufræðinga á og/eða tekur á leigu orlofshús til endurleigu til félagsmanna. Orlofshús í eigu FÍ N eru rekin sem hluti þess og eiga því sama varnarþing og félagið. Orlofshúsum FÍ N er ætlað að veita félagsmönnum orlofsaðstöðu svo og að vera athvarf til einbeitingarvinnu.

Grein 3 var:

Orlofshúsanefnd FÍ N. Til umsjónar á viðhaldi, innbúi, almennum rekstri og útleigu skal á aðalfundi kjósa fjóra af fimm mönnum í Orlofshúsanefnd FÍ N. Fulltrúi stjórnar félagsins skal sitja sem fimmti aðili í nefndinni. Nefndarmen skulu ekki sitja í henni skemur er 2 ár. Orlofshúsanefnd FÍ N skal skipa með sér verkum. Nefndin fer með stjórn orlofshúsa félagsins og leiguhúsa fyrir hönd félagsins varð-
andi ofangreind atriði. Fyrir aðalfund FÍ N leggur nefndin fram skýrslu um liðið starfsár og áætlanir um framkvæmdir.

Grein 3 verður:

Orlofshúsanefnd FÍ N. Til umsjónar á viðhaldi, almennum rekstri og útleigu skal á aðalfundi kjósa fjóra af fimm mönnum í Orlofshúsanefnd FÍ N. Fulltrúi stjórnar félagsins skal sitja sem fimmti aðili í nefndinni. Nefndarmen skulu ekki sitja í henni skemur er 2 ár. Orlofshúsanefnd FÍ N skal skipta með sér verkum. Fyrir aðalfund FÍ N leggur nefndin fram skýrslu um liðið starfsár og áætlanir um framkvæmdir.

Grein 4 var:

Fjármál. Stjórn félagsins skal árlega ákveða í fjárhagsáætlun hversu miklu skuli ráðstaðað til viðhalds orlofshúsa, innbús og almenns reksturs húsa í eigu eða leigu félagsins. Orlofshúsanefnd ber ábyrgð á framkvæmdum í samræmi við fjárhagsáætlun félagsins. Orlofshúsanefnd ákveður leigugjald, sem skal miðast við að standa að mestu undir almennum rekstri orlofshúsanna.

Grein 4 verður:

Fjármál. Stjórn félagsins skal árlega ákveða í fjárhagsáætlun, að fengnum tillögum frá Orlofshúsanefnd, hversu miklu skuli ráðstafað til viðhalds orlofshúsa, innbús og almenns reksturs húsa í eigu eða leigu félagsins. Orlofshúsanefnd ber ábyrgð á framkvæmdum í samræmi við fjárhagsáætlun félagsins og ákveður leigugjald, sem skal miðast við að standa að mestu undir almennum rekstri orlofshúsanna.

Grein 5 var:

Rekstur. Orlofshúsanefnd annast allan almennan rekstur og umsjón með húsum félagsins og leiguhúsum. Nefndin gerir og fylgir eftir samningum vegna framkvæmda og eftirlits. Orlofshúsanefnd setur úthlutunarreglur. Skrifstofa félagsins sér um úrvinnslu umsókna og úthlutun í samræmi við gildandi úthlutunarreglur. Framkvæmdastjóri FÍN og formaður orlofshúsanefndar setja verk-lagsreglur fyrir orlofshúsin.

Grein 5 verður:

Rekstur. Skrifstofa FÍN annast daglegan rekstur og umsjón með húsum félagsins og leiguhúsum, sér um úrvinnslu umsókna og úthlutun í samræmi við gildandi úthlutunarreglur sem orlofshúsanefnd setur.

Grein 6 var:

Gildistími. Reglugerð þessi gildir frá og með 1. mars 2002.

Grein 6 verður:

Gildistími. Reglugerð þessi gildir frá og með 7. febrúar 2009.

Gildandi reglugerð um orlofshús og orlofshúsanefnd er að finna á vefslóðinni :
<http://www.bhm.is/fin/orlofshus/reglugerd/>

Stjórnskipaðar nefndir

Stjórn félagsins mun á stjórnarfundum skipa í stjórnir og nefndir sem starfa á starfsárinu. Birt verður í næsta fréttabréfi hverjir hafa verið skipaðir til þeirra starfa. Listi þessi verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.fin.is og verður uppfærður þegar nær dregur.

Reikningar félagsins

Ársreikningar félagsins verða settir á heimasíðu félagsins mánudaginn 2. febrúar 2009.

*Sjúkrasjóður BHM og Styrktarsjóður BHM **

Um áramótin var úthlutunarreglum úr Sjúkrasjóði BHM (fyrir starfsmenn á almennum markaði) og Styrktarsjóði BHM (fyrir starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum) breytt. Reglurnar fyrir báða sjóðina eru hér í fréttabréfinu. Stjórn Sjúkrasjóðs BHM sendi frá sér eftirfarandi tilkynningu ásamt breyttum úthlutunarreglum sjóðsins. Úthlutunarreglurnar og raf-ræn umsóknareyðublöð eru að finna á heimasíðu BHM, www.bhm.is.

Frá stjórn Sjúkrasjóðs BHM

Stjórn Sjúkrasjóðs BHM hefur ákveðið að gera nokkrar breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins, sem taka gildi 1. janúar 2009. Ástæðurnar eru annars vegar þær að vegna hruns bankakerfisins í haust var ávöxtun sjóðsins neikvæð árið 2008 og hins vegar voru greiddir styrkir á árinu hærrí en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Fylgt var ákveðinni fjárfestingarstefnu sem samþykkt var af fulltrúaráði sjóðsins.

Ákveðið hefur m.a. verið að sjúkradagpeningar verði að hámarki 520.000 kr. á mánuði (miðað við launatekjur 650.000 kr.). Einnig lækkar heilsuræktarstyrkurinn niður í 25.000 kr. að hámarki á ári.

Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur sjóðsins á heimasíðu BHM.

F. h. Sjúkrasjóðs BHM,



Ingibjörg Halldórsdóttir formaður.

* Ef ósamræmi er á milli texta fréttabréfsins um úthlutunarreglur sjóðanna og úthlutunarreglna á vefsíðu BHM þá gilda reglur sjóðanna á netinu.

Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs BHM

1. janúar 2009

1. INNGANGUR:

Um rétt sjóðfélaga og skipulag sjóðsins gildir skipulagsskrá Sjúkrasjóðs BHM sem samþykkt var á aðalfundi BHM 7. maí 2004 og tók þá gildi sem breyting á gildandi samþykktum sjóðsins sem samþykktar voru á aðalfundi BHM 25. apríl 1998. Samkvæmt 7. gr. hennar setur sjóðsstjórn nánari úthlutunarreglur og tekur við sérstakar aðstæður matskennda ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum.

2. SJÓÐSAÐILD:

Almenn réttindi. Réttur sjóðfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið sjúkrasjóðsframlag vegna sjóðfélaga samtals í 6 mánuði og þar af 3 mánuði samfelld áður en tekjutap eða útgjöld, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, áttu sér stað. Þó öðlast sá rétt strax sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr Styrktarsjóði BHM er hann verður sjóðfélagi í Sjúkrasjóði BHM. Sama gildir um þá sem öðlast hafa rétt úr sjúkrasjóðum annarra stéttarféлага sem veita fyrrum sjóðfélögum úr Sjúkrasjóði BHM sams konar rétt.

Sjá þó grein 4 e, vegna dagpeningagreiðslna sjálfstætt starfandi.

Sjá ennfremur grein 4. b vegna upphæðar dagpeninga ef greiðslur í sjóðinn hafa ekki náð 12 mánuðum.

Í fæðingarorlofi. Sjóðfélagar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur halda fullum réttindum.

Í veikindum. Sjóðfélagi sem hefur fullnýtt rétt sinn til dagpeninga nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum í allt að eitt ár stofni hann ekki til réttinda annars staðar.

Atvinnulausir. Atvinnulausir halda réttindum í sjóðnum í eitt ár, enda hefjist bóta-tímabil eða útgjöld eigi sér stað innan árs frá upphafi atvinnuleysis, svo fremi að greitt sé félagsgjald til viðkomandi stéttarfélags. Sjá ennfremur grein 4.b vegna upphæðar dagpeninga ef greiðslur í sjóðinn hafa ekki náð 12 mánuðum.

Aðild í launalausuleyfi. Sjóðfélagar halda réttindum í launalausuleyfi í allt að sex mánuði. Styrkréttur miðast þó við að viðkomandi hafi hafið störf að nýju. Ekki eru greiddir sjúkradagpeningar vegna veikinda í launalausuleyfi.

UMSÓKNIR OG REGLUR:

a. **Umsóknir.** Sækja þarf um styrk til sjóðsins á sérstöku umsóknareyðu blaði. Styrkumsóknir eru afgreiddar einu sinni í hverjum mánuði. Umsóknum skal skilað inn fyrir 10. hvers mánaðar. Að jafnaði er greitt út 24.—26. hvers mánaðar eða næsta virka dag á eftir.

b. Afgreiðsla umsókna. Starfsmenn sjóðsins afgreiða umsóknir samkvæmt úthlutunarreglum þessum nema sérstaklega sé tekið fram í einstökum ákvæðum að sjóðstjórn taki matskennda ákvörðun. Ef sjóðfélagi sættir sig ekki við ákvörðun starfsmanna sjóðsins, á hann ávallt rétt á að vísa máli sínu til stjórnar Sjúkrasjóðs BHM.

c. Gögn. Nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum. Þessi gögn eru: Frumrit sundurliðaðra reikninga sem sannanlega eru greiddir, með nafni umsækjanda. Á reikningnum þarf að vera áritun/stimpill/merki þess er gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer. Fjöldi skipta og dagsetningar meðferða eða kaupa á vöru eða þjónustu skal koma fram á reikningi.

d. Framhaldsumsókn um dagpeninga. Þegar sótt er um framhaldsgreiðslu dagpeninga úr Sjúkrasjóði BHM þarf sjóðfélagi að skila inn tilkynningu um óvinnufærni í hverjum mánuði. Skila þarf inn vottorði heilbrigðisstarfsmanns fyrir þann tíma sem sótt er um.

e. Upphæð styrks. Ekki eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum. Staðgreiðsla skatta er tekin af öllum styrkfjárhæðum að frátöldum útfararstyrk sbr. gr 8 a og b.

f. Aðild við eftirlaun. Sjóðfélagar halda réttindum í 12 mánuði eftir að þeir láta af störfum og fara á eftirlaun.

Fyrning umsókna. Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um þær innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað eða tekjutap varð. Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar eða starfsmanns sjóðsins fyrnist ef hennar hefur ekki verið vitjað innan 9 mánaða frá því að tilkynning um úthlutunarrétt var send til viðkomandi.

4. DAGPENINGAR:

Réttur til dagpeninga vegna sannanlegs tímabundins tekjutaps sjóðfélaga sökum óvinnufærni vegna veikinda eða slysa, þ.m.t. veikinda á meðgöngu er sem hér segir:

a. Sjúkra- og slysdagpeningar greiðast í allt að 12 mánuði enda séu launagreiðslur í veikinda- eða slysaforföllum hættar eða skertar.

b. Upphæð dagpeninga skal nema 80% af grunnri inngreiðslna sjóðfélaga í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður þó að hámarki 520.000 kr. á mánuði (launatekjur 650.000 kr.).

Ávinnsuréttur dagpeningsmánaðar er miðaður við fjölda inngreiðslna sl. 12 mánuði. Hafi sjóðfélagi greitt í færri en 12 mánuði fær hann greitt hlutfallslega. Þannig hefur sjóðfélagi sem greitt hefur til sjóðsins í sex mánuði einungis áunnið sér rétt til dagpeninga í sex mánuði.

Allar skattskyldar greiðslur frá öðrum aðilum, svo sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóði, umfram 20% af grunni inngreiðslna síðustu 12 mánuði, koma að fullu til frádráttar dagpeningum frá sjóðnum.

c. Veikindi barns sjóðfélaga. Hægt er að sækja um styrk til sjóðstjórnar í kjölfar veikinda barns. Sjóðstjórn metur hvert einstakt tilvik fyrir sig með hliðsjón af öllum aðstæðum, þ.m.t. annarra styrkja.

d. Veikindi maka sjóðfélaga. Sjóðurinn greiðir dagpeninga í allt að 2 mánuði vegna fjarveru frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda maka eða sambúðarmaka. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum.

e. Sjálfstætt starfandi. Greiðslur til sjálfstætt starfandi félagsmanna eru inntar af hendi sem um launþega væri að ræða. Biðtími til bótaréttar vegna sjálfstætt starfandi félagsmanna skal vera 3 mánuðir.

f. Tæming réttar. Réttur til nýs dagpeningatímabils stofnast aftur þegar greitt hefur verið vegna sjóðfélaga í 6 mánuði eftir að síðasta dagpeningatímabili lauk. Hámarksfjöldi mánaða sem greiddir eru hverjum sjóðfélaga eru 2 tímabil eða 24 mánuðir á hverju 10 ára tímabili.

g. Sjóðsaðild og réttindi eru ekki bundin tilteknu starfshlutfalli en fjárhæð dagpeninga er háð inngreiðslum í sjóðinn.

Heimildarákvæði:

h. Sjóðstjórn er heimilt að veita rétt til dagpeninga í lengri tíma í sérstökum tilvikum.

i. Sjóðstjórn er heimilt að veita rétt til dagpeninga vegna aðgerða sjóðfélaga til að losna úr vímuefnavanda.

5. GLERAUGU OG HEYRNARTÆKI:

a. Gleraugu, linsur. Veittir eru styrkir til kaupa á gleraugum eða linsum einu sinni á hverjum 36 mánuðum að hámarki kr. 25.000.

b. Heyrnartæki. Veittir eru styrkir til kaupa á heyrnartækjum einu sinni á hverjum 36 mánuðum að hámarki kr. 150.000.

6. FERÐASTYRKUR:

Ættleiðing. - Greidd er föst upphæð kr. 150.000 vegna útgjalda við utanför til að sækja barn til ættleiðingar.

7. TÆKNIFRJÓVGUN:

Greitt er 30% af reikningi vegna smásjár- eða glasafrjóvgunarmeðferða (lyf ekki innifalin). Hámarksstyrkur er 120.000 kr. á almanaksári.

8. DÁNARBÆTUR:

a. Staðlaður útfararstyrkur kr. 300.000 til þess sem stendur straum af kostnaði

við útför sjóðfélaga.

b. Fyrirverandi sjóðfélagi. Staðlaður útfararstyrkur kr. 300.000 vegna andláts fyrirverandi sjóðfélaga allt að tveimur árum eftir að hann hættir störfum.

c. Tímabundið framfærslutap maka/sambúðarmaka. Til að bæta tímabundið framfærslutap maka/sambúðarmaka eru greidd að jafngildi ein mánaðarlaun hins látna m.v. meðalinnborgun síðustu 12 mánaða. Enn fremur er greitt vegna barna 18 ára og yngri hálf mánaðarlaun látins sjóðfélaga.

FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR:

9. HEILSURÆKT:

Veittir eru styrkir vegna íþróttaiðkana (hreyfingar) að hámarki kr. 25.000 á ári hverju. Einungis er greitt fyrir líkamsrækt sem sjóðfélagi einn getur nýtt sér. Ekki er greiddur kostnaður vegna fatnaðar, tækja eða annars sambærilegs kostnaðar.

10. HJARTAVERND:

Sjóðurinn endurgreiðir að fullu kostnað vegna áhættumats hjá Rannsóknastöð Hjartaverndar.

11. KRABBAMEINSLEIT:

Sjóðurinn endurgreiðir að fullu kostnað vegna reglubundinnar leitar á brjóst- og leghálskrabbameini. Þurfi sjóðfélagi að fara í framhaldsrannsókn greiðir sjóðurinn þann kostnað einnig, að hámarki kr. 10.000. Ennfremur er greitt vegna krabba-meinsskoðunar í ristli að hámarki kr. 10.000, sama gildir um skoðun á blöðruhálskirtli.

12. STYRKIR VEGNA MEÐFERÐA:

- a. Endurgreitt er að hámarki kr. 35.000 á ári fyrir meðferð hjá sjúkrapjálfa, iðjuþjálfa, sjúkranuddara, kiropraktor eða sambærilegum meðferðaraðilum.
- b. Endurgreitt er að hámarki kr. 50.000 á ári fyrir meðferð hjá sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa eða sambærilegum faglega viðurkenndum meðferðaraðila.
- c. Göngumæling/Innlegg: Greiddur er 75% kostnaðar, þó að hámarki kr. 15.000 á ári vegna göngumælinga og innleggja.

13. DVÖL Á DVALAR- EÐA HEILSUSTOFNUN AÐ LÆKNISRÁÐI:

Greiddur er styrkur til dvalar á dvalar- og heilsustofnunum að læknisráði að hámarki kr. 50.000 á ári.

14. NÁMSKEIÐ TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA:

Endurgreiddur er kostnaður vegna námskeiða til að hætta að reykja að hámarki kr. 30.000 á tveimur árum. Ekki er greitt vegna annarra námskeiða.

15. HEIMILDARÁKVÆÐI VEGNA ANNARS HEILBRIGÐISKOSTNAÐAR:

Sjóðsstjórn er heimilt að styrkja sérstaklega sjóðfélaga vegna annars heilbrigðis-kostnaðar í tengslum við áföll, slys eða sjúkdóma á sama hátt og í liðum hér að

framan að hámarki kr. 100.000 á hverjum tveimur árum. Að jafnaði er ekki greitt vegna lyfja- og annars heilbrigðiskostnaðar sem gildir uppí afsláttarkort hjá TR.

16. TANNVIÐGERÐIR:

Greidd eru 30% af útlögðum kostnaði vegna tannviðgerða (hreinar fegrunar- aðgerðir undanskildar) ef kostnaður er umfram kr. 50.000 (fyrir hverja umsókn). Hámarksstyrkur er þó 200.000 ársgrundvelli.

17. HEIMILDARÁKVÆÐI:

Sjóðstjórn er heimilt: að veita sjóðfélaga sérstakan styrk samkvæmt mati ef hann hefur orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna slyss eða sjúkdóms hans, maka eða barna eða fráfalls nákomins.

18. GILDISTAKA:

Úthlutunarreglum þessum var síðast breytt 19.12.2008 og taka gildi 1. janúar 2009 og gilda þar til sjóðsstjórn hefur breytt reglum og birt skv. 19. grein.

19. BIRTING:

Úthlutunarreglur þessar, breytingar á þeim og nýjar úthlutunarreglur - skal birta opinberlega á vettvangi BHM, t.d. í BHM-tíðindum og/eða á heimasíðu BHM.

Starfsreglur Styrktarsjóðs Bandalags háskólamanna

22. des. 2008

1. INNGANGUR Um rétt sjóðfélaga og skipulag sjóðsins gildir skipulagsskrá Styrktarsjóðs BHM, samþykkt á stofnfundi sjóðsins 13. júní 2001. Samkvæmt 7. gr. hennar setur sjóðsstjórn nánari úthlutunarreglur og tekur við sérstakar aðstæður matskennda ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum.

2. SJÓÐSAÐILD

a) Almenn réttindi: Réttur til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið styrktarsjóðsframlag vegna sjóðfélaga samtals í 6 mánuði og þar af 3 mánuði samfellt áður en tekjutap varð eða til útgjalda, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, var stofnað. Þó öðlast sá rétt strax sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr Sjúkrasjóði BHM er hann verður sjóðfélagi í Styrktarsjóði BHM. Sama gildir um þá sem öðlast hafa rétt úr sjúkrasjóðum annarra stéttarfélagasem veita fyrrum sjóðfélögum úr Styrktarsjóði BHM sams konar rétt. Nýr réttur stofnast ekki vegna lausnarlauna.

b) Í fæðingarorlofi: Sjóðfélagar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur halda fullum réttindum.

c) Í veikindum: Sjóðfélagi sem hefur fullnýtt rétt sinn til dagpeninga nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum í allt að eitt ár stofni hann ekki til réttinda annars staðar.

d) Atvinnulausir: Atvinnulausir halda fullum réttindum í sjóðnum í eitt ár, enda

hefjist bóttatímabil eða til útgjalda sé stofnað innan árs frá upphafi atvinnuleysis, svo fremi að greitt sé félagsgjald til viðkomandi félags. Ef veikindi eru í beinu framhaldi af starfslokum (innan mánaðar) miðast dagpeningar við laun þegar viðkomandi lét af störfum.

e) Aðild í launalaus leyfi: Sjóðfélagar halda réttindum í launalaus leyfi í allt að þrjú mánuði. Styrkréttur miðast þó við að viðkomandi hafi hafið störf að nýju. Ekki eru greiddir sjúkradagpeningar vegna veikinda í launalaus leyfi.

f) Aðild við eftirlaun: Sjóðfélagar halda réttindum í 12 mánuði eftir að þeir láta af störfum og fara á eftirlaun.

3. UMSÓKNIR OG GÖGN

a) Umsóknir: Sækja þarf um styrk til sjóðsins á sérstöku umsóknareyðublaði. Styrkumsóknir eru afgreiddar einu sinni í hverjum mánuði. Umsóknum skal skilað inn fyrir 10. hvers mánaðar. Að jafnaði er greitt út 24.-26. hvers mánaðar eða næsta virka dag á eftir.

b) Afgreiðsla umsókna: Starfsmenn sjóðsins afgreiða umsóknir samkvæmt útlutunarreglum þessum nema sérstaklega sé tekið fram í einstökum ákvæðum að sjóðstjórn taki matskennda ákvörðun. Ef sjóðfélagi sættir sig ekki við ákvörðun starfsmanna sjóðsins, á hann ávallt rétt á að vísa máli sínu til stjórnar Styrktarsjóðs BHM.

c) Gögn: Nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum. Þessi gögn eru : Frumrit sundurliðaðra reikninga sem sannanlega eru greiddir, með nafni umsækjanda. Á reikningnum þarf að vera áritun/ stimpill/merki þess sem gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer. Fjöldi skipta og dagsetningar meðferða eða kaupa á vöru eða þjónustu skal koma fram á reikningnum.

d) Framhaldsumsókn um dagpeninga: Þegar sótt er um framhaldsgreiðslu dagpeninga úr Styrktarsjóði BHM þarf sjóðfélagi að skila inn tilkynningu um óvinnufærni í hverjum mánuði. Skila þarf inn vottorði heilbrigðisstarfsmanns fyrir þann tíma sem sótt er um.

e) Upphæð styrks: Ekki eru greiddir hærrí styrkir en sem nemur framlögðum reikningum. Staðgreiðsla skatta er tekin af styrkfjárhæðum.

f) Fyrning umsókna: Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um þær innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað eða tekjutap varð. Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar eða starfsmanns sjóðsins fyrnist ef hennar hefur ekki verið vitjað innan 9 mánaða frá því að tilkynning um útlutunar-rétt var send til viðkomandi.

g) Skilgreiningar:

- i) Með barni í reglum þessum er auk kynbarns, kjörbarns og fósturbarns átt við stjúpbarn og barnabarn sem býr á heimili sjóðfélaga eða þarfnast greinilega umönnunar sjóðfélaga.
- ii) Með langtímaveikindum er átt við veikindi sem vara samfelld lengur en í 30 almanaksdaga.

4. DAGPENINGAR VEGNA ÓLAUNAÐRAR FJARVERU FRÁ VINNU

Upphæð dagpeninga: Full mánaðargreiðsla er kr. 195.030, miðað við kr. 9.000 fyrir hvern virkan dag í 21.67 daga.

Mánaðargreiðsla miðast við fullt starf eða starfshlutfall við upphaf veikinda.

Til viðbótar sjúkradagpeningum TR eða örorkulífeyri frá TR, lífeyrissjóði eða öðrum greiðslum sem rekja má til fjarverunnar, greiðir sjóðurinn ofangreindar upphæðir vegna 100% fjarveru eða hlutfallslega ef unnið er skert starf og tímabundins tekju-taps af þeim sökum.

Samanlagðar greiðslur sjóðsins og aðrar greiðslur sem rekja má til fjarverunnar skulu þó aldrei nema hærri fjárhæð en tekjum sem fallið hafa niður.

a) Veikindi eða slys sjóðfélaga: Sjóðurinn greiðir dagpeninga í allt að eitt ár samanlagt vegna veikinda eða slysa sjóðfélaga, þegar veikindarétti samkvæmt kjarasamningum sleppir. Sjóðfélagi öðlast rétt til dagpeninga að nýju eftir 6 mánaða iðgjaldagreiðslu eftir að fyrra bótatímabili lýkur.

b) Veikindi barns sjóðfélaga: Hægt er að sækja um styrk til sjóðstjórnar í kjölfar veikinda barns. Sjóðstjórn metur hvert einstakt tilvik fyrir sig með hliðsjón af öllum aðstæðum, þ.m.t. Annarra styrkja.

c) Veikindi maka sjóðfélaga: Sjóðurinn greiðir dagpeninga í allt að 2 mánuði vegna fjarveru frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda maka eða sambúðarmaka. Þó er ekki greitt fyrir fyrstu 10 dagana í veikindum.

d) Fráfall nákominna: Við fráfall maka, sambúðarmaka eða barns greiðir sjóðurinn dagpeninga í allt að 2 vinnuvikur ef starfsmanni er ekki heimiluð fjarvera án skerðingar á launum. Sama gildir um fráfall annarra nákominna.

e) Annað: Greiddir eru dagpeningar vegna læknisrannsókna sem undanfari frekari aðgerða, líffæragjafar, aðgerða sem taldar eru nauðsynlegar að mati læknis, glasa- og tæknifrjóvgunar og áfengis- og fíkniefnameðferðar í allt að 45 daga.

5. ANDLÁT SJÓÐFÉLAGA

a) Útfararstyrkur: Greiddur er útfararstyrkur vegna andláts greiðandi sjóðfélaga kr. 250.000 til þess aðila er útförina annast. Sama gildir um sjóðfélaga sem látið hefur af störfum vegna aldurs og andast innan árs frá því að hann lætur af störfum.

b) Dánarbætur: Að jafnaði eru bætur ekki greiddar vegna missis framfæranda. Við mjög sérstakar aðstæður er þó hægt að sækja um styrk til sjóðsstjórnar.

6. ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR VEGNA MEÐFERÐAR Á LÍKAMA OG SÁL

Endurgreitt er samtals fyrir liði a) til d) að hámarki kr. 25.000 á hverju almanaksári. Greiddir verða eftirfarandi liðir:

- a) Áhættumat hjá Hjartavernd, sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkranudd, meðferð hjá kírópraktor eða sambærileg meðferð hjá löggiltum heilbrigðisstarfsmanni.
- b) Sálfræðipjónusta, hjúkrunarmeðferð, félagsráðgjöf eða sambærileg meðferð hjá löggiltum heilbrigðisstarfsmanni.

Vegna liða a) og b): Meðferð skal falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar.

- c) Kostnaður vegna námskeiða til að hætta að reykja.
- d) Önnur námskeið eru almennt ekki styrkt samkvæmt þessum lið.

7. DVÖL Á DVALAR- EÐA HEILSUSTOFNUN AÐ LÆKNISRÁÐI

Greiddur er styrkur að upphæð kr. 50.000 fyrir 4-6 vikna dvöl á 3ja ára fresti.

8. LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR

Veittur er líkamsræktarstyrkur að hámarki kr. 15.000 á hverju almanaksári. Einungis er greitt fyrir líkamsrækt sem sjóðfélagi einn getur nýtt sér.

9. GLERAUGU OG AUGNAÐGERÐIR

- a) Greiddur er staðlaður styrkur að fjárhæð kr. 50.000 vegna laser - aðgerða á öðru auga eða kr. 100.000 á báðum augum.
- b) Greidd eru að hámarki kr. 25.000 af gleraugnaverði (glerjum og umgjörð) á þriggja ára fresti. Nýta má styrkréttinn til linsukaupa í stað gleraugna.

10. HEYRNARTÆKI

Greiddur er styrkur til kaupa á heyrnartækjum, allt að 30% af upphæð tækjabúnaðar að frádregnum styrk Tryggingastofnunar á þriggja ára fresti.

11. TANNVIÐGERÐIR

Greidd eru 30% af útlögðum tannlæknakostnaði ef hann fer umfram kr. 50.000 (fyrir hverja umsókn). Hámarksstyrkur á hverju almanaksári er 200.000 kr. Hreinar fegrunaraðgerðir eru undanskildar. Reikningar mega vera allt að 12 mán. gamlir miðað við umsóknardag.

12. MEÐFERÐ Á GLASFRJÓVGUNARDEILD

Greitt er 30% af reikningi vegna smásjár- eða glasfrjóvgunarmeðferða (lyf ekki innifalin). Hámarksstyrkur er 120.000 kr. á almanaksári.

13. KRABBAMEINSLEIT

Reglubundin krabbameinsleit (kembileit) er styrkt að fullu. Þurfi sjóðfélagi að fara í framhaldsrannsókn greiðir sjóðurinn þann kostnað einnig, að hámarki kr. 10.000.

14. FERÐASTYRKUR

Hægt er að sækja um styrk til utanfarar í lækningaskyni vegna alvarlegra veikinda sjóðfélaga, maka eða barna hans ef almannatryggingar taka ekki þátt í kostnaði.

15. HJÁLP VEGNA STARFSTENGDRÁ ÁFALLA EÐA ÓVÆNTRA STARFSLOKA

Sjóðurinn styrkir meðferð, allt að átta skipti, hjá fagmanni til að vinna úr áfalli í starfi eða í kjölfar óvæntra starfsloka.

16. HEILBRIGÐISKOSTNAÐUR

Að jafnaði er ekki greitt vegna lyfjakostnaðar eða annars heilbrigðiskostnaðar sem gildir upp í afsláttarkort hjá TR. Við sérstakar aðstæður, s.s. óvænt mikil útgjöld og/eða fjárhagslega erfiðleika af þessum sökum, er þó hægt að sækja um styrk til sjóðsstjórnar. Að jafnaði er ekki greitt vegna lægri fjárhæðar en kr. 100.000. Ekki er greiddur kostnaður vegna fegrunaraðgerða.

17. FÆÐINGARSTYRKUR

Fæðingarstyrkur er veittur til foreldris gegn framvísun fæðingarvottorðs og afrit af síðasta launaseðli. Styrkurinn er kr. 170.000 til foreldris vegna hvers barns í hlutfalli við starfshlutfall. Báðir foreldrar eiga rétt séu þeir aðilar að sjóðnum og uppfylla skilyrði um sjóðsaðild.

18. GILDISTAKA

Úthlutunarreglum þessum var síðast breytt 22. desember 2008 og gilda þar til sjóðsstjórn hefur breytt reglum og birt þær.

19. BIRTING

Úthlutunarreglur þessar, breytingar á þeim og nýjar úthlutunarreglur - skal birta opinberlega á vettvangi BHM, t.d. í BHM-tíðindum og/eða á heimasíðu BHM.

Ríkið—Samningar I ausir frá og með 1. apríl 2009

Félag íslenskra náttúrufræðinga hefur óskað eftir viðræðum við ríkið um viðræðu-áætlun. Framganga félagsins í kjaraviðræðum mun ráðast af viðbrögðum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar í þessum hremmingum sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Formaður FÍN sem er jafnframt varaformaður BHM er fulltrúi BHM á fundum samráðs aðila vinnumarkaðarins.

Áskrift að heimasíðu FÍN

Félag íslenskra náttúrufræðinga hvetur alla félagsmenn til að skrá sig á heimasíðu FÍN og fá þannig upplýsingar frá okkur ef efni breytist á heimasíðu félagsins.

Samráð á vinnumarkaði

Samráð stendur nú yfir með aðilum vinnumarkaðarins og á þessu stigi eru þátttakendurnir ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, SSF, SA, Ríki (sem launagreiðandi) og sveitarfélög (sem launagreiðendur).

Nokkrir fundir hafa verið haldnir og nú stendur yfir hópavinna aðila og er til að byrja með unnið í þremur hópum:

Kjaramál

- Endurskoðun á almennum markaði
- Samningar opinberra starfsmanna
- Atvinnuleysistryggingar og ábyrgðarsjóður launa

Ríkisfjármál

- Skuldbindingar ríkissjóðs
- Velferðarmál
- Húsnæðismál
- Tekjuöflun ríkisins-skattar

Atvinnu- og lánamál

- Opinberar framkvæmdir
- Vaxta- og lánamál
- Hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingunni

Á síðari stigum er ætlunin að fá ríkið að þessum viðræðum. Takist ekki að knýja ríkisvaldið til nauðsynlegra aðgerða, mun reyna á samstöðu stéttarfélaganna í landinu til að rétta hlut launamanna.

Stjórn BHM sendi frá sér svohljóðandi ályktun þann 22. janúar:

„Umræða um kjarasamninga verður ekki slitin úr samhengi við stefnu stjórnvalda í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum. Í ljósi óvissrar stöðu ríkisstjórnarinnar og vantrausts þess sem ríkir til hennar meðal landsmanna, lítur stjórn Bandalags háskólamanna svo á að sú umræða um kjarasamninga sem aðilar vinnumarkaðar hafa átt sín í milli á vettvangi ríkissáttasemjara, sé í fullkomnu uppnámi. Viðræðum um heildarsýn í kjaramálum næstu ára verður ekki haldið áfram að óbreyttu, á meðan efast er um umboð og getu viðsemjandans til að ákvarða stefnu í þjóðmálum.“

Endurhæfingarsjóður

Hlutverk endurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Stefna endurhæfingarsjóðs er að:

- skipuleggja ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist
- stuðla að snemmbæru inngripi með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur
- fjármagna ráðgjöf og fjölbreytt endurhæfingarúrræði sem miða að aukinni virkni starfsmanna sem búa við skerta vinnugetu til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu
- stuðla að fjölbreytni og auknu framboði úrræða í starfsendurhæfingu
- byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu til að stuðla að aukinni virkni starfsmanna styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

Sjóðurinn semur við lífeyrissjóði um að innheimta iðgjöld í sjóðinn. Hafi samningar ekki náðst við lífeyrissjóð viðkomandi sjóðsfélaga tekur sjóðurinn við greiðslunum.

Misjafnt er hvenær greiðslur hefjast í sjóðinn og samið var við eftirtalda aðila um upphaf greiðslna í sjóðinn:

Ríkið greiðir í endurhæfingarsjóðinn frá 1. júní 2008.

Reykjavíkurborg greiðir í sjóðinn frá 1. nóvember 2008.

Launanefnd sveitarfélaga greiðir í sjóðinn frá 1. desember 2008.

Almenni markaðurinn (kjarasamningur SA við FÍN) frá 1. október 2008.

Frekari upplýsingar um endurhæfingarsjóð er að finna á vefslóðinni www.virk.is.

Orlofshús í vetur

Fullsæll:

Vika: kr. 16.000.-

Helgi: kr. 9.000.-

Aukadagur: kr. 1.800,-

Páskaleiga: kr. 18.000,-

Skógarkot:

Vika: kr. 21.000.-

Helgi: kr. 12.000.-

Aukadagur: Kr. 2.400,-

Páskaleiga: kr. 24.000,-

Við viljum benda félagsmönnum á að hægt er að sjá lausar vikur og helgar á heimasíðu FÍN www.fin.is. Einnig bendum við á bókunarvef orlofshúsa BHM www.bhm.is en þar eru tugir húsa sem félagsmenn FÍN geta nýtt sér.

Sakið á í vetur í orlofshúsum FÍN og BHM, sinnum fjölskyldunni og byggjum upp þrek til að takast á við alla þá erfiðleika sem margir standa frammi fyrir nú eða síðar á árinu.

Mikilvægt!

Ekki skrifa undir né samþykkja neitt fyrr en þú hefur ráðfært þig við FÍN! Hafið samband við félagið ef atvinnurekandi hyggst breyta ráðningarkjörum, hlunninum, minnka yfirvinnu eða íhuga uppsagnir. Atvinnurekandi þarf að segja upp ráðningarkjörum með nákvæmlega eins hætti og ef um uppsögn væri að ræða. Félagið liðsinnir félagsmönnum sínum og kappkostar að vernda réttindi og kjör félagsmanna í FÍN.

En forsenda þess að félagið geti gripið til aðgerða er að upplýsingar berist félaginu. Félagið hvetur félagsmenn og trúnaðarmenn til að hafa samband við félagið ef einhverjum aðgerðum er beint gegn félagsmönnum FÍN svo hægt sé að ganga úr skugga um að þær aðgerðir séu lögmætar, að réttur félagsmanna sé ekki brotinn, að ráðningarsamningar og kjarasamningar séu virtir. Frekari upplýsingar og leiðbeiningar um þessi mál er að finna á vefsíðunni www.bhm.is/upplýsingar.

Hafið samband við okkur ef eitthvað er!

Páll Halldórsson, formaður
pall@bhm.is, farsími: 899-2482

Marianna H. Helgadóttir framkvæmdastjóri
marianna@bhm.is, farsími 864-9616